Fjárhags- og fjárfestingaáætlun 2027: þjónustu- og nýsköpunarsvið


Kynning í borgarráði 29. október 2026

Hlutverk

- Þjónustu- og nýsköpunarsvið ber ábyrgð á allri upplýsingatækni og upplýsingaöryggi borgarinnar með tilheyrandi búnaði og þjónustu. Einnig gagnastýringu, hugbúnaðarþróun og vörustýringu lausna, framþróun þjónustu, innri nýsköpun í starfsemi borgarinnar, gervigreind og tæknilegum umbótum ásamt þjónustu á því sviði. Einnig ábyrgð á samræmingu og rekstri framlínuþjónustu, rekstri stjórnsýslubygginga og stjórn skjalamála, þ.m.t. langtímavarðveislu. Sviðið er einnig með verkefni er snúa að ytri nýsköpun og ábyrgð á lýðræðismálum, þ.m.t. umsjón með styrkjagátt borgarinnar.

- Þá gegnir sviðið samhæfingarhlutverki og vinnur með fag- og kjarnasviðum að forgangsröðun aðgerða undir flaggi stafrænnar umbreytingar sem hvílir á grunni **þjónustustefnu** borgarinnar, stefnu um **nýtingu upplýsingatækni, reglum um upplýsinga- og skjalastjórn, lýðræðisstefnu og stafrænnar stefnu.**

Skipurit þjónustu- og nýsköpunarsviðs




Fjárhagsáætlun 2027

	Raun 2025	Esk. áætlun 2026	Áætlun 2027*
Rekstrartekjur	3.419.568	3.685.589	4.182.652
Tekjur samtals	**3.419.568**	**3.685.589**	**4.182.652**
Laun og launatengd gjöld	2.257.276	2.255.531	2.311.921
Annar kostnaður	5.769.221	6.034.121	5.583.362
Rekstrargjöld samtals	**8.026.496**	**8.289.653**	**7.895.284**
Rekstramiðurstaða	**4.606.929**	**4.604.063**	**3.712.632**

**fjárhæðir m.v. óbreytta fjárhagsramma og tekjur 2027*

Skipting rekstrar 2027



Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Langtímavarðveisla

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 7. mars 2023 var ákveðið að verkefni Borgarskjalasafns Reykjavíkur og safnkostur yrði færður til Þjóðskjalasafns Íslands og í kjölfarið Borgarskjalasafn lagt niður. Eftir samþykkt komu í ljós drjúgar áskoranir í verkefninu og hefur það reynst umfangsmikið en í leiðinni eitt af stóru umbótaverkefnum borgarinnar.

Frá árinu 2023 hefur verið unnið að skráningu og flutningi gagna frá höfuðstöðvum Borgarskjalasafns að Tryggvagötu 15 til Þjóðskjalasafns og lauk því 30. apríl 2026 og var þá húsnæði í Tryggvagötu skilað.

Síðan hefur verið unnið að skráningu og undirbúningi fyrir afhendingu gagna úr fjargeymslu safnsins að Vatnagörðum 28.

Borgarskjalasafni verður endanlega lokað 1. nóvember 2026, einu og hálfu ári á undan áætlun, og samið verður við Þjóðskjalasafn um lúkningu verkefna sem út af kunna að standa.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Miðlæg skrifstofa ÞON

Stjórnsýsla og fræðsla

- Tryggja nauðsynlega stjórnsýslu- og lögfræðiþjónustu við verkefni og þróun sviðsins, meðal annars á sviði mannauðsmála, persónuverndar, útboða og samningagerðar. Annast jafnframt fræðslu fyrir stjórnendur og starfsfólk borgarinnar, m.a. með stjórnsýslufræðslu í Forystunáminu.

Reglugrunnur

- Byggja upp miðlægan reglugrunn Reykjavíkurborgar þar sem reglur verða samræmdar, birtar með aðgengilegum hætti og skýrri breytingarsögu.

Styrkir

- Endurskoða og samræma styrkjamál Reykjavíkurborgar til að einfalda ferla, auka gagnsæi, tryggja jafnræði og ábyrga nýtingu fjármuna.

Lýðræðismál

- Sinna lýðræðis- og samráðsmálum með skilvirkari hætti, með áherslu á áframhaldandi rekstur og þróun samráðsgáttar og að samráð nýtist við undirbúning ákvarðana. Áhersla á praktíska nálgun, s.s. ábendingargátt, styrkjagátt og leiðbeiningar vegna einstakra mála.

Nýsköpunarsamstarf

- Taka við samhæfingu nýsköpunarsamstarfs Reykjavíkurborgar, m.a. við KLAK og Snjallræði. Annast samskipti við samstarfsaðila, þátttöku í verkefnum og eftirfylgni samninga.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Þjónusta og umbreyting

Framlínan

- Áhersla verður lögð á að straumlínulaga ferli og umbætur sem styðja við aukin umsvif í kjölfar breytinga á rými, aðstöðu fyrir þjónustu miðstöðva í hús og yfirtöku svörunar fyrir velferðarsvið. Einnig verður lögð áhersla á nýtingu gagna og gervigreindar þegar við á við einföldun og stuðning í svörun og þjónustu.

Umbreyting

- Aukin áhersla verður lögð á þjónustumælingar og vinnslu og stuðning við umbótaáætlanir í kjölfarið. Áframhaldandi stuðningur við svið og einingar við innleiðingu þjónustustefnu og þjónustuvæðingu í gegnum þjálfun, fræðslu og sértæka verkefnavinnu.
- Í kringum hönnunarkerfið Hönnu verður unnin greining á nýtingu gervigreindar til stuðnings við hönnuði til aukinnar skilvirkni, ásamt því að vera með skýran áframhaldandi fókus á viðhald og framþróun hönnunarkerfisins og endurnýtingu hönnunareininga í takti við þróun innan vara borgarinnar
- Áhersla verður lögð á að styðja við þjónustuumbreytingaverkefni í greiningu og þróun með áherslu á eflingu þjónustu með aðferðum þjónustuhönnunar. Með það að markmiði að styðja við svið og aðra þjónustueigendur við greiningu og hönnun á þeim þjónustuþáttum sem eru í forgangi hverju sinni.
- Samlegð og samrekstur milli vara sem þróaðar eru með innanhúss stjórn verður áframhaldandi áhersla, ásamt því að efla og uppfæra innri stafræn verkfæri sem þjóna vörunum til að tryggja að nýting og skilvirki sé með besta móti.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Upplýsinga- og skjalastýring

Fyrirmyndar skjalavarsla

- Frágangur og pökkun allra pappírssafna. Hugsanleg skil til ÞÍ til að verða fyrsti opinberi opinberi aðilinn með 100% rafræna skjalavörslu. Mun ná yfir lengra tímabil.
- Viðhalda fyrirmyndar upplýsinga- og skjalastjórnun hjá stjórnsýslu.
- Tryggja skilvirka skjalavörslu í takt við tæknibreytingar og þjónustu.
- Endurskoðun rafrænna undirritana, miðlun skjala í stafræns pósthólfs og frágangur gagna á eldri vistunarstöðum.
- Yfirfærsla verkefna Borgarskjalasafns sem ekki flytjast til ÞÍ

Hlaðan

- Endurmat á innleiðingu Hlöðunnar. Framlenging eða útboð á skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Gagnaþjónusta

Samræmt gagnalandslag Reykjavíkurborgar

- Til að borgin geti veitt framúrskarandi þjónustu til íbúa er mikilvægt að halda áfram vinnu við að hanna, þróa og smíða samræmt gagnalandslag borgarinnar. Það tryggir gagnagæði, öryggi og aðgengi að traustum og áreiðanlegum gögnum þvert á þjónustur og svið, brýtur niður síló og eykur upplýsingaflæði svo hægt sé að gera greiningar á grunngögnum og kjarnastarfsemi borgarinnar þvert á starfsemi.
- Þetta er einnig forsenda ábyrgrar og farsællar innleiðingar gervigreindar.

Gervigreind

- Áframhald undirbúnings á tækniumhverfis borgarinnar fyrir gervigreind snýst ekki um að kaupa ný tæki heldur að byggja sterkan grunn þar sem gögn, innviðir, öryggi, regluverk og hæfni starfsfólks er í forgrunni. Fyrirtæki sem vinna markvisst að þesskonar uppbyggingu eru líklegri til að ná raunverulegum ávinningi af gervigreind.

Gagnavörur og spálíkanagerð

- Spálíkön eru gervigreindarlíkön og forsenda þess að hafa einhverja innsýn inn í hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi rekstur borgarinnar, íbúaþróun og t.d. væntа ásókn í þær þjónustur sem borgin veitir (leikskólar, fjárhagsaðstoð, osfrv.)
- Greiningar á kjarnastarfsemi sviða borgarinnar byggðar á traustum og áreiðanlegum gögnum, tryggja bætta upplýsingagjöf, gagnsæi í ákvarðanatöku og innsýn inn í sem og bætta þjónustu við starfsfólk og íbúa.
- Gagnavörur miðla sögu gagnanna með fjölbreyttum hætti sem uppfyllir ávallt aðgengiskröfur. T.d. á Gagnahlaðborði borgarinnar, í mælaborðum, sorphirðudagatali eða öðrum viðeigandi hætti.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Hugbúnaðarþróun

Aukin afhendingargeta og gæði stafrænna lausna til framtíðar

- Markmiðið er að nýta gervigreind í auknu mæli til að auka afhendingargetu, draga úr tvíverknaði, bæta gæði hugbúnaðar og gera þróun stafrænna lausna hraðari, fyrirsjáanlegri og rekjanlegri.
- Áhersla er lögð á samræmd þróunarferli, skýr gæðaviðmið, sjálfvirkar prófanir, öruggari útgáfuferla og markvissri nýtingu gervigreindar í þróunarvinnu.
- Gæði og örugg afhending eru hluti af daglegri ábyrgð þróunarteyma, en verkefnið snýst um að byggja upp sameiginleg verkfæri, sjálfvirkni og viðmið sem gera teymum kleift að sinna þeirri ábyrgð með skilvirkum, samræmdum og öruggum hætti.

Sameiginlegur grunnur fyrir samþættingar, vöktun og yfirsýn

- Verkefnið styður við stöðugri rekstur, betri yfirsýn, hraðari greiningu atvika og markvissari þróun stafrænnar þjónustu og skapar tækifæri til að hagnýta gervigreind með viðeigandi hætti í öruggu rekstarumhverfi.
- Verkefnið felur í sér mótun og innleiðingu á sameiginlegri samþættingarstefnu, bættri yfirsýn og vöktun fyrir stafrænar lausnir hjá Reykjavíkurborg.
- Markmiðið er að tryggja betri þjónustu við íbúa og betri nýtingu fjármuna með öruggum, rekjanlegum og endurnýtanlegum tengingum milli kerfa, meiri sjálfvirkni, ásamt samræmdri vöktun á þjónustu, afköstum og gagnastraumum.

Þróun stafrænna þjónusta

- Áframhaldandi þróun öruggra og hagnýtra stafrænna þjónusta sem uppfylla þarfir notenda og veita áreynslulausa og faglega þjónustuupplifun fyrir öll sem nýta stafrænar þjónustur borgarinnar.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Stafræn Reykjavík

Vörustýring

- Efling vörustýringar aðkeyptra lausna og rekstrarlíkans sem stjórnunarlíkans fyrir allan lífsferil stafrænna vara, með skýra ábyrgð, mælanlegan ávinning, fyrirséðan kostnað, gagnadrifna forgangsröðun og markvissa nýtingu gervigreindar þvert á vöruframboð.

Fá stór verkefni og fleiri smá

- Stór innviðaverkefni verða fyrirferðamikil ásamt verkefnum sem snúa að tækni, þjónustu og stjórnsýsluhúsum borgarinnar.
- Tvö stærstu verkefnin 2027 verða, innkaup og innleiðing á nýju fjárhagskerfi og innleiðing á mannauðs- og launakerfi. Fjárhagskerfið er skilgreint sem verkefnastofn með undirverkefnum og útheimtir aðra nálgun í verkefnastjórnun og yfirsýn. Þetta er stærsta einstaka stafræna verkefni sem borgin hefur farið í.
- Við þurfum að vera með svigrúm til að geta brugðist við smærri áskorunum og verkefnum sem koma frá sviðum borgarinnar, adhoc verkefnum. Það verður ein af áskorunum verkefnastofu að viðhalda jafnvægi í verkefnaálagi og forgangsröðun út árið í ljósi breytinga og minna fjármagns.

Ferlar

- Tryggja að ferlar séu uppfærðir og að flæði verkefna og áskoranna frá hugmynd úti á sviði og til framkvæmdar hjá ÞON sé eins og best verði á kosið. Finna þarf aðra leið til að grípa verkefni og hugmyndir úti á sviðunum, greina og koma til framkvæmdar í ljósi niðurlagningar starfa stafrænna leiðtoga.
- Verkefnastjóri ferla og gæðamála hefur aðstoðað önnur svið borgarinnar við að setja upp gæðakerfi og verður til ráðgjafar fyrir þau eins og áður. Ráðast þarf í skráningarátak á flestum sviðum borgarinnar til að tryggja samræmt og fyrirsjáanlegt verklag með hliðsjón af þjónustu við íbúa, hagkvæmni og sanngirni.
- Verkefnastofa starfar eftir skýrum ferlum og þroskastig verkefnastjórnunar er hátt, í síbreytilegu umhverfi er það áskorun að uppfæra og viðhalda ferlum þannig að hægt sé að ganga að því sem vísu í síbreytilegu umhverfi.

Áherslur í rekstri ÞON árið 2027

Upplýsingatækniþjónusta / rekstarþjónusta

Öryggismál

- Miklar áskoranir eru framundan varðandi öryggismál í tæknilegum innviðum borgarinnar. Net- og kerfislægar ógnir munu koma til með að aukast til muna með tilkomu gervigreindar þar sem erfiðara verður að þekkja og fyrirbyggja árásir og taktískar brellur til að komast yfir aðganga og gögn. Greint verður hvernig unnt er að styrkja tæknilega innviði til að geta varist þessum breytingum og minnka þann skaða sem slíkar ógnir geta valdið.

Gagnagrunnsumhverfi

- Átaksverkefni í tiltekt og meðferð á gögnum í gagnagrunnum borgarinnar hefur gjörbreytt þeim kröfum sem eru gerðar til reksturs á gagnagrunnum að því leyti að í stað einfaldar hýsingar þarf að færa reksturinn í nútímalegra umhverfi þar sem gögn og grunnar geta verið í sífelldri þróun og aðlagast hraðar til að þjóna þeim kerfum sem þeim tengjast.

Samþættingar kerfa

- Breytingar hafa orðið á ytra eignarhaldi á hugbúnaðarkerfi fyrir samþættingarlag sem borgin notar. Framtíðarsýn nýrra eiganda er ekki í takt við þarfir og þá tæknilegu sýn sem borgin leggur upp með og hefur fylgt. Það þarf því að hefja verkefni sem snýr að því að skipta út hugbúnaðarkerfinu sem notað er til samþættingar og koma nýju fyrir áður en núverandi samningur rennur út eftir tvö ár.

Rekstur stjórnsýsluhúsa

- Nýting stjórnsýsluhúsa er að stóraukast m.t.t. fjölda starfsfólks sem kallar á skoðun á mötuneytum og búningsaðstöðu. Breytt heimsmynd kallar á endurskoðun öryggismyndavéla í húsunum. Sérstaklega þarf að huga að hússtjórnarkerfi Ráðhússins og virkni þess.

Nokkrar áskoranir í rekstri sviðsins

Stór innviðakerfi í endurnýjun

Mjög stór innviða kerfi eru í innkaupum og innleiðingu og taka stærstan hluta fjárfestingar-áætlunar næsta árs. Það kann að bitna á framþróun þjónustukerfa og nauðsynlegt getur verið að endurskoða þegar samþykkta forgangsröðun og fresta samþykktum verkefnum eða breyta röð.

Upplýsingaöryggi

Kostnaður vegna upplýsingaöryggis hefur hækkað hratt undanfarin ár og hækkar nú enn hraðar en áður. Fjármagn til þessa hefur á hinn bóginn staðið í stað síðan 2019. Hækkun á verði búnaðar mun einnig ýkja þetta þar sem hún mun birtast í hærri gjaldskrám vegna skýjaþjónustu o.s.frv.

Hugbúnaðarpottur

Til að auka hraða, draga úr skriffinsku og bregðast við fækkun starfsfólks væri æskilegt að koma upp hugbúnaðarpotti sem fjármagnar minni adhoc verkefni.

Öldrun búnaðar

Mikil þörf er orðin fyrir endurnýjunar búnaðar úr Gróskuverkefninu. Einnig er nokkur hluti búnaðar orðinn of gamall sem eykur eftirspurn eftir þjónustu. Jafnframt hefur verð á tölvubúnaði hækkað um 20%. Innviðaskuld er að myndast hvað varðar tæknibúnað.

Fjárfestingaáætlun 2027- 2031

Nr. klasa	Klasi	2026	2027	2028	2029	2030	2031
20157	Borgartún 12-14	280.000	15.000	15.000	15.000	15.000	15.000
80001	Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	375.000	600.000	400.000	400.000	400.000	400.000
80021	Notendabúnaður og upplýsingatækniinnviðir	530.000	580.000	900.000	840.000	400.000	400.000
80014	Vöruþróun og stafvæðing ferla	280.000	85.000	40.000	20.000	20.000	20.000
80016	Stjórnsýsluhúsin - Fjölgun í húsum og breytingar	70.000	40.000	12.000	12.000	35.000	35.000
80019	Upplýsinga- og gagnastýring	300.000	180.000	80.000	30.000	30.000	30.000
	Samtals	**1.835.000**	**1.500.000**	**1.447.000**	**1.317.000**	**900.000**	**900.000**

Fjárfestingaáætlun 2027
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi

Verkefni	Stutt lýsing	Ávinningur
Mannauðs og launakerfi	Útfösun á núverandi launakerfi (SAP). Undirbúningur, útboð, innkaup og innleiðing á nýju mannauðs- og launakerfi.	Birgi núverandi launakerfis er að hætta stuðningi við kerfið. Notendaviðmót, sjálfvirknivæðing, nýtanleiki, gagnaöryggi, rekjanleiki, tímasparnaður við úrvinnslu og umsýslu við ráðningar og starfslok.
Fjárhagskerfi	Fasi 2 og 3 að hluta í útfösun á núverandi fjárhagskerfi (Agresso). Ferlagreiningar og undirbúningur útboðs á nýju fjárhagskerfi.	Birgi er að hætta stuðningi við núverandi fjárhagskerfi (Agresso). Djúpgreining á "as-is" ferlum og "to-be" ferlum. Notendaviðmót, sjálfvirknivæðing, nýtanleiki, gagnaöryggi, rekjanleiki, tímasparnaður við bókhaldsvinnslu og fjárhagsrekstur.
Stafræn sorphirða, fasi 3	Þriðji fasi verkefnisins felur í sér útboðsferli, val á lausn og innleiðingu. Þar verður farið í útboðsgerð, úrvinnslu tilboða og kaup á kerfi, ásamt uppsetningu búnaðar í sorpbíla og innleiðingu hugbúnaðar. Jafnframt verður farið í endurskoðun ferla og verklags til að tryggja sem besta nýtingu lausnarinnar í daglegum rekstri.	Mælanlegur ábati felst meðal annars í umhverfislegum ávinningi þar sem kolefnisspor minnkar um 99 kg á ári, meðal annars vegna samdráttar í akstri og minni pappírsnotkun. Þá er áætlaður tímasparnaður um 1.054 klukkustundir á ári, einkum vegna sjálfvirknivæðingar talningar og afgreiðslu fyrirspurna. Fjárhagslegur ávinningur er einnig verulegur. Áætlað er að verkefnið dragi úr kostnaði um samtals um 29,7 m.kr. á ári, þar af um 1,7 m.kr. vegna minni aukavinnu við talningu, um 1,2 m.kr. vegna minni útprentunar og um 26,8 m.kr. vegna betri innheimtu gjalda fyrir ílát sem áður voru ekki skráð með fullnægjandi hætti.
Kerfi og hugbúnaður	Verkefni sem unnin eru út frá kröfum, þörfum og væntingum sviða borgarinnar hverju sinni. Safn smærri verkefna (<40mkr). Fyrirséð er að SFS hefur mikla þörf fyrir nýjan hugbúnað. Undirbúningur og mótun á þeim áskorun er í fullum gangi. Meðal annars er þar um að ræða nemendaumsjónarkerfi, skráningartól, gervigreindarlausnir osfrv.	Til að svara þörfum borgarbúa og starfsfólk og tryggja stöðuga framþróun, koma í veg fyrir söun í kerfinu og til að koma í veg fyrir tækniskuld er nauðsynlegt að uppfæra eða skipta út reglulega hugbúnaði og kerfi.

Fjárfestingaáætlun 2027

Upplýsingatækniinnviðir og notendabúnaður

Verkefni	Stutt lýsing	Ávinningur
Búnaðarkaup	Almennur tölvubúnaður á útstöðvum (mestmegnis fartölvur) endist að jafnaði í fjögur ár. Að meðaltali er endurnýjunarþörf búnaðar um 25% svo ekki skapist halli sem erfitt verður að vinna upp. Almennt er stefnan sú að útleiða borðtölvur sem hefur þau áhrif að erfitt verður að koma borðtölvum sem er skilað inn aftur í notkun. **ATH! Í búnaðapottinum er ekki gert ráð fyrir endurnýjun á Chromebook vélum í skólaumhverfinu enda var það aðskilið átaksverkefni á sínum tíma.**	Mikilvægt að ástand og afkastageta búnaðar sé góð svo að búnaður hamli ekki framleiðni starfsfólks. Þá þarf búnaður almennt að vera tiltölulega nýlegur svo að hann geti vel unnið með og tengst öðrum búnaði og staðist öryggiskröfur.
Skilvirkara umhverfi þróunarlausna (Azure)	Endurgerð á þróunarumhverfi borgarinnar til að samræma þá þróun sem hún sinnir í varðandi hugbúnað, gagnavinnslu og vefmál. Azure umhverfið er skýjalausn sem bíður upp á gríðarlegan fjölda af auðlindum og möguleikum fyrir þá sem stunda þróun. Til að rekstur og viðbragð sé eins og best verður á kosið þarf uppsetning á umhverfinu að vera sett upp á þann veg að sú þróun sem þar er unnin eigi sem auðveldast með að vinna saman og án þess að valda óvæntum niðritíma, árekstrum eða þjónustufalli. Áframhald á verkefni frá 2025	Gera tæknilegt umhverfi rekstrarhæft, minnka niðritíma á þróunarvörum og setja upp vöktun og viðbragð við frávikum. Endurbætt umhverfi mun minnka kostnað og auðlindum í Azure, auka framleiðslugetu þróunarteyma og skila betri þjónustu til íbúa í gegnum stafrænar lausnir.
Netskápar stjórnsýsluhúsa	Áframhaldandi á verkefni sem snéri að netskápum í hjá skóla og frístundasviði. Slæmt ástand á netskápum borgarinnar eru ein helsta öryggisógn tæknilegra innviða. Nauðsynlegt er að halda áfram með útskipti á eldri skápum sem eru ekki með læsingar og aðgengi af þeim allt of greiðlega og opið. Eldri búnaði verður skipt út fyrir nýtt þar sem aðgengi er stýrt miðlægt til að tryggja að þeir sem opna skápana eigi í raun erindi og aðgengi sé skráð.	Eykur öryggi svo það uppfylli staðla. Minnkar árekstra þar sem óviðkomandi hafa verið að fikta í netskápum og valda bilunum.
Þjónustugátt	Markmið Stefnumótunnar frá síðasta ári. Umbætur á þjónustugátt hjalp.reykjavik.is, þar sem mikill ávinningur getur hlotist af því að aðstoða starfsfólk í því að setja upplýsingar í beiðni til ÞON og stytta þannig greiningarfasa á beiðnum og auðvelda notendum að fylgjast með stöðu beiðna.	Betri og sýnilegri þjónusta. Styttri afgreiðslutími á beiðnum. Aukið traust á þjónustuna meiri sjálfvirkni og betra aðgengi að sjálfsþjónustu, undirbúa notkun erindreka (e. Agents) á hluta af ferlum. Gríðarlegu tímasparnaður getur orðið sé þetta gert rétt og vel.
Endurskoðun á aðgangsstýringarhópum	Búið er að vinna mikla vinnu við að gera auðkenningu hjá borginni miðlæga til að einfalda ferlið sem mest fyrir starfsfólk svo það noti sömu auðkenningu í sem flest kerfi. Eftir greiningu frá sumarstarfsmanni kom í ljós að það þarf að ráðast í nauðsynlegt viðhald á kerfinu til að fá sem mest út úr því og gera það þjónustuhæft fyrir kerfisstjóra í stað sérfræðinga.	Betri og skilvirkari rekstur á aðgangshópum. Styttir úrlausnir beiðna, fækkar sérfræðiþjónustu, minnkar árekstra, eykur öryggi.

Fjárfestingaáætlun 2027

Vöruþróun og stafvæðing ferla

Verkefni / Vara	Stutt lýsing	Ávinningur
Mínar síður	Þróun áframhaldandi grunnvirkni Minna síðna. Grunnvirkni nýtist inn í ferla og virkni sem kallað er eftir. Dæmi um grunnvirkni er umboðsvirkni, þýðingar o.fl.	Öll umsýsla borgarbúa fer fram í gegnum eina stafræna gátt sem styður við örugga og nútímavædda tækniinnviði
SkólaBúi	Þróun á stafrænni lausn sem styður við ferli skólaþjónustu og samþættingar skv. farsældarlögunum og verkefnum tengdum Betri borg fyrir börn. Skólaþjónustunan er þróuð og birt starfsfólki í gegnum BÚA og íbúum í gegnum mínar síður	Gagnaöryggi, gegnsæi, tímasparnaður og yfirsýn
Sameining Veitu	Sameining á afgreiðslukerfinu Veitu við sambærilegt kerfi sveitafélagana, tenging við TR gáttina	Eitt kerfi fyrir öll sveitafélög, með fjölnotendavirkni, tækifæri til að byggja fleiri umsóknir og ferla inn í kerfið. Kerfið samþætt við gátt TR og skilar gögnum þar inn sem krafist er.
VelferðarBúi (Ráðgjafinn)	Áframhaldandi þróun á málaflokkum og virkni sem miðar að því að loka Málaskrá velferðasviðs. VerferðarBúi er þróaður og birtur starfsfólki í gegnum BÚA og íbúum í gegnum mínar síður	Öll umsýsla mála ráðgjafa á miðstöð verður í einu kerfi sem er nútímalegt og tímasparandi.
Greiðslugátt MÍR	Stafræn afgreiðslugátt fyrir notendur fyrir sundlaugar.	Mætir markmiðum þjónustustefnu borgarinnar um sjálfsþjónustu, eykur gegnsæi í umsýslu, eykur hagræði og tímasparnað.

Fjárfestingaáætlun 2027
Stjórnsýsluhúsin

Verkefni	Stutt lýsing	Ávinningur
Stjórnsýsluhúsin - breyting og bæting	Það er árleg þörf fyrir fjármagn vegna breytinga og bætingar aðstöðu fyrir starfsfólk á hæðum og rýmum í stjórnsýsluhúsunum. Reynslan sýnir að þetta er stöðugt verkefni og talsverð uppsöfnuð þörf er fyrir hendi.	Betri og markvissari nýting núverandi húsnæðis. Standsetning rýmis fyrir nýjar starfsstöðvar. Endurnýjun og nútímavæðing skrifstofurýmis er mikilvægur hluti af grænni og sjálfbærri skrifstofu.
Stjórnsýsluhúsin - tæknilegir innviðir	Tæknilegir innviðir sem snúa að hússtjórn Ráðhúss Reykjavíkurborgar eru að miklu leyti komnir til ára sinna, með hækkandi bilanatíðni og auknum rekstrar- og viðgerðakostnaði. Þörf er á endurnýjun búnaðar sem snýr að hitastýringum, loftræstingu og loftgæðum, og hússtjórnarkerfi sem tryggir að öll kerfi séu að vinna rétt og að sama markmiði. Rétt virkni hússtjórnarkerfa er hryggjarstykki góðrar upplifunar starfsfólks og gesta á Höfðatorgi og í Ráðhúsi Reykjavíkur. Jafnframt er þörf er á bætingu hvað varðar hljóðvist.	Virk umhverfisstýring m.t.t. hita, rakastigs, hljóðvistar og loftgæða.
Öryggis- og aðgangsmál stjórnsýsluhúsa	Mikill árangur hefur náðst í öryggismálum Ráðhúss á árinu 2025, með sérstöku átaksverkefni að beiðni borgarstjóra og borgarritara. Þörf er á að fara í sambærilegar aðgerðir vegna skrifstofuhúsnæðis að Borgartúni 8-16a. Jafnframt er þörf á myndavélum til vöktunar í Höfða og Tjarnargötu 12.	Öruggara starfsumhverfi, bætt vellíðan starfsfólks.
Mötuneytis ráðhúss	Endurhönnun mötuneytis í Ráðhúsi, bætt aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra og auknir nýtingarmöguleikar aðstöðu. Talsvert af tækjum og búnaði vegna framreiðslu og reksturs mötuneytis í Ráðhúsi er komið á tíma varðandi endurnýjun.	Uppfyllir nútíma staðla til að standast úttektir.
Sorphirða	Þörf er á að bæta aðstöðu til frágangs og flokkunar sorps sem fellur til við rekstur húsanna dag hvern.	Betra starfsumhverfi, betri endurvinnsla á, styður við græn skref.

Fjárfestingaáætlun 2027

Upplýsinga- og gagnastýring

Verkefni	Stutt lýsing	Ávinningur
Uppbygging gagnalandslags FAS, MOS, USK	Áframhaldandi vinna við uppbyggingu gagnalandslags Reykjavíkurborgar, halda þarf áfram að mappa upp með sviðunum nauðsynlegustu rekstrargögn hvers sviðs, hvar og hvernig þau verða til, skilgreina og skýra gagnaferla og gera gögnin svo aðgengileg í gagnaviðmótum og miðlægu vöruhúsi gagna..Til að tryggja gagnagæði og aðgengi að traustum og áreiðanlegum gögnum verður að fara í mikla grunnvinnu við að hreinsa upp gögn í stafrænu umhverfi borgarinnar, hanna og smíða nýjar gagnapípur, greina grunngögn og kjarnastarfsemi sviða borgarinnar, hanna gagna- og upplýsingaflæði og smíða gagnaviðmót.	Mikilvægur liður í því að tryggja aðgengi starfsfólks að mikilvægum, réttum og traustum gögnum er varða starfsemi þeirra eininga, sem þau geta svo nýtt áfram til greininga og gagnadrifna ákvarðanatöku
Mælaborð, skýrslur, greiningar, líkön	Gagnagreiningar sem birtar eru með ýmsum hætti í mælaborðum, skýrslum, spáilíkönum og eða öðrum líkönum sem nýta má til að styrkja forsendur áætlanagerðar og stefnumótunar til skemmri og lengri tíma og búa til tæki til greiningar á áhrifum ýmissa þátta. Þær má nýta til ýmissa hluta, s.s. til að skipuleggja aðgerðir innan borgarinnar, leggja mat á fjárfestingarþörf og líklega arðsemi fjárfestinga, meta áhrif tiltekinna stjórnvaldsaðgerða sem og aðgerða annarra aðila á borgarkerfið og þar með umsvif og afkomu innan vissa sviða og þannig mætti lengi telja	Með þessu fæst aukin þekking og meira gagnsæi sem og mikilvægur grundvöllur stefnumótunar og ákvarðanatöku stjórnenda. Auðveldar verður einnig að leysa stórar áskoranir í nútímanum með sanngjarnari / gagnsærri hætti.
Flutningur gagna úr gömlum kerfum og aðstoð við útleiðingu og innleiðingu nýrra kerfa og ferla	Til að tryggja gagnagæði og aðgengi að mikilvægum sögulegum gögnum borgarinnar sem hafa orðið til í kerfum sem nú eru á leið í útleiðingu verður að fara í mikla grunnvinnu við að sækja gögn í eldri kerfi, hreinsa þau, hanna og koma þeim fyrir í vöruhúsi gagna, ásamt því að flytja nausynleg gögn á milli eldri og nýrri kerfa. Miklvægt er að hanna gagna- og upplýsingaflæði og smíða ný gagnaviðmót. Dæmi um kerfi á útleið: VELSTAT, STARFSLA, Vinnustund, Hafdísargrunnurinn, gagnavinnslustöð, SAP og Agresso,	Með því að auðvelda aðgengi nýrra kerfa og annarra notenda að réttum og áreiðanlegum upplýsingum auðveldum við borginni að uppfylla lögboðið hlutverki í tengslum við þjónustuveitingu ásamt annarri stoðstarfsemi þar sem starfsfólki og nýjum kerfum er tryggt aðgangur að réttum gögnum á réttum tíma.
Gervigreind	Innleiðing og eftirfylgni Tilmæla um hagnýtingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar, yfirferð á gervigreindarverkefnum sem nú þegar eru í gangi hjá borginni til að athuga hvort þau uppfylli tilmælin, innleiðing nýrra ferla í kringum hagnýtingu gervigreindar, mat á áhrifum á persónuvernd, gagnsæismat ofl.	Til að tryggja lögmæta og örugga innleiðingu gervigreindar í starfsemi borgarinnar, svo ætluðum ávinningi af hagnýtungu gervigreindar sé náð í starfsemi borgarinnar



Reykjavík